

47. gr.

Innan hafnarinnar má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 5 mílum á klst., nema sérstaklega standi á.

48. gr.

Hafnsögumanni er skylt að banna allar ónauðsynlegar samgöngur við skip, áður en hann hefur lokið starfi sínu á skipsfjöl.

49. gr.

Ef sjúkdómur er á skipi, eða ástæða til að halda, að sóthætta geti stafað frá því, ber hafnsögumanni að sjá um að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins.

50. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000.00 krónum, nema þyngri refsing liggí við eftir almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

51. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lend-ingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur niður hafnarreglugerð fyrir Raufarhöfn, nr. 73 30. júní 1959, ásamt síðari breytingum.

Samgöngumálaráðuneytið, 7. júlí 1964.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUR

um kaup tryggingafélaga á íbúðalánabréfum Húsnaðismálastofnunar ríkisins.

1. gr.

Kaup á íbúðalánabréfum Húsnaðismálastofnunar ríkisins, sem tryggingafélögum ber að gera vegna tryggingasjóðs líftrygginga samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 17/1964, skulu gerð ársfjórðungslega, eigi síðar en mánuði eftir lok hvers ársfjórðungs. Við ákvörðun aukningar tryggingasjóðs skal stuðst við aukningu, samkvæmt síðasta ársreikningi, en leiðrétting, miðuð við endanlegt ársuppgjör, gerð í lok 2. ársfjórðungs næsta árs.

Um leið og kaup eru gerð, skal tryggingafélag skila ársfjórðungsskýrslu um afborganir og útdregin bréf á eyðublaði, sem félagsmálaráðuneytið lætur í té.

2. gr.

Nú ákveður félagsmálaráðherra samkvæmt heimild í lögum nr. 17/1964, að hluti af verðbréfa- og víxlakaupum tryggingafélaga, öðrum en vegna tryggingasjóðs líftrygginga, skuli vera í íbúðalánabréfum Húsnaðismálastofnunar ríkisins, og skulu

þá slík kaup gerð á sömu tímum og í 1. gr. segir. Um leið og kaup eru gerð, skal tryggingafélag skila ársfjórðungsskýrslu um verðbréfakaup á eyðublaði, er félagsmálaráðuneytið lætur í té.

3. gr.

Veðdeild Landsbanka Íslands annast sölu íbúðalánabréfa til tryggingafélaga fyrir Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Tryggingafélög geta valið milli þeirra tegunda verðbréfa, sem Húsnæðismálastofnun ríkisins hefur á boðstólum hverju sinni.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1964 skulu kaup á íbúðalánabréfum nema 25% af $\frac{1}{2}$ ráðstöfunarfjár tryggingasjóðs líftrygginga á því ári. Skulu kaup vegna mánaðanna júní—september gerð fyrir októberlok 1964 og kaup vegna mánaðanna október—desember 1964 fyrir janúarlok 1965, hvortveggja á grundvelli aukningar tryggingasjóðs 1963 svo og ársfjórðungsskýrslna um afborganir og útdregin bréf. sbr. 2. mgr. 1. gr. Leiðrétting skal síðan gerð fyrir lok 2. ársfjórðungs 1965, sbr. 1. mgr. 1. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 17 23. maí 1964, um ávöxtun fjár tryggingafélaga, staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júlí 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt nr. 240 6. des. 1963, um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík o. fl.

1. gr.

Fyrsti málsliður 3. mgr. 5. gr. orðist svo:

Þar skal heimilt að selja kort, frímerki, dagblöð, tímarit, ritföng, rafmagnsöryggi, nýja ávexti, ís, sælgæti, tóbaksvörur, eldspýtur, öl, gosdrykki, heitar pylsur, rakblöð, raksápu, handsápu, tannkrem, raffhlöður, rafmagnsperur, spil, skyndiplástur, kaffi, te, kakao, kex (innpakkað), ávaxtasafa, niðursoðna ávexti, tannbursta, greiður, bómull, dömubindi, V.S.-pappír, kvensokka, vinnuvetlinga, filmur, sólgleraugu og annað slíkt. Heilbrigðisnefnd ákveður, hvað selja megi á hverjum stað og ákveður nánar, hvernig umbúnaði skuli hagað.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Borgarráð getur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar heimilað, að verzlani, sem eingöngu selja smurt brauð, öl, gosdrykki og mjólk, svo og verzlani, sem eingöngu selja neyzluís, megi vera opnar til kl. 23.30 alla þá daga, sem um getur í 1. mgr. 3. gr.